

Þá var aftur farið að taka eftir því, og dást að því, og lofa það, eins og áður. En nú fann það ekki lengur til sín, þegar það heyrði lofsönginn, en sagði bara: „Það er alt sólareislanum að þakka.“

Og nú hélt það áfram að vera fallega blómið, sem gladdi aðra; því sólareislinn hætti aldrei að faðma það og kyssa.

„*GEFDU ÖLLUM FUGLUM FRID A VORIN.*“

(Bandalagssöngvar 131.)

Sumir drengir hafa gaman af að drepa litlu fuglana, annað hvort með því að henda í þá grjóti eða með því að skjóta á þá. Og ef þeim tekst að drepa einhvern þeirra, þykjast þeir miklir menn. Svei þessari mikilmensku! Og svei þeirri skemtun! Það er vondur maður, sem kemur fram í öðru eins. Og honum þarf að sálga. Að ráðast á hann og leggja hann að velli væri mikilmenska, er sæmdi drengjunum okkar.

Litlu fuglarnir heimsækja okkur á vorin. Okkur þykir vænt um komu þeirra. Þeir skemta okkur með söngnum sínum, fagra fjaðralitnum, fluginu sínu og hoppinu grein af grein. Við eigum þá öll að taka vel á móti þeim, en ekki fara illa með þá.

Nær því óðar en þeir koma, byrja þeir á því að búa til hreiðrin sín, fallegu rúmin handa eggjunum sínum. En hvað þeir vinna ákaft og ötult við það! Byrja í býti á hverjum morgni. Tína saman allskonar smá-dót, allra-handa efni hentugt fyrir litla húsið, sem geyma á allar framtíðar-vonirnar þeirra, litlu eggin, er litlu ungarnir þeirra eiga að koma úr. Þeir dunda ekki við verkið sitt; heldur keppast þeir við og hafa augsýnilega skemtun af að vinna.

Er það þá ekki líka ljótt að rífa niður hreiðrin þeirra, leggja í eyði litlu húsin, sem þeir hafa haft svo mikil fyrir? Finna ekki börn til, þegar einhver vondur strákur kemur og riftur hús, sem þau hafa verið að byggja sér? Og fara þau þá ekki að gráta? Og ætli litlu fuglarnir finni ekki líka til, þegar ónytt er fyrir þeim verkið þeirra?